

Fimmtudaginn 9. maí 1996.

Nr. 16/1996.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Sjöfn Skúladóttur og

Elsu Jóhönnu Gísladóttur Thorlacius

(enginn)

Skriflega flutt mál. Útivist. Skuldaraskipti. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1996. Hann krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmdar sameiginlega til að greiða sér 710.613 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júní 1994 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda Sjöfn verði ein dæmd til að greiða framangreinda kröfu, en til þrautavara stefnda Elsa. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa ekki tekið til varna í málinu. Er því litið svo á, að þær krefjist staðfestingar héraðsdóms, sbr. 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eins og ákvæðinu var breytt með 12. gr. laga nr. 38/1994.

Þrautavarakrafa áfrýjanda fyrir Hæstarétti var ekki höfð uppi í héraði, og er hún enn fremur andstæð málatilbúnaði hans þar. Er því ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, til að þessi krafa komi til álita við úrlausn málsins.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september 1995, er höfðað fyrir dómþingiinu með stefnu, birtri 1. ágúst 1995 og 10. ágúst 1995, af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, kt. 430269-6669, Laugavegi 114, Reykjavík, aðallega gegn Sjöfn Skúladóttur, kt. 170448-7319, Klapparstíg 8, Keflavík, og Elsu Jóhönnu Gísladóttur Thorlacius, kt. 240141-4189, Suðurbraut 26, Hafnarfirði, in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 710.613 kr., auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. júní 1994 til greiðsludags, en til vara gegn hinni fyrrnefndu. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. júní 1995. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Mál þetta var þingfest á reglulegu dómþingi 5. september 1995 og dómtekið sama dag. Á reglulegu dómþingi 26. október 1995 var málið endurupptekið til framlagningar gagna af hálfu stefnanda. Þann dag lagði stefnandi fram sókn, þar sem hann rökstuddi frekar aðalkröfu sína. Málið var dómtekið að nýju sama dag.

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera skv. veðskuldabréfi, út gefnu 8. júlí 1991 af stefndu Elsu Jóhönnu Gísladóttur Thorlacius til stefnanda, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Stefnandi segir upphaflega fjárhæð bréfsins hafa verið 600.000 kr. og hún verið verðtryggð; grunnvísitala hafi verið 3121. Lánið hafi verið til 25 ára og gjalddagar verið tvisvar á ári, 9. janúar og 9. júlí. Gjalddagi fyrstu afborgunar hafi verið 9. janúar 1992. Stefnandi segir, að til tryggingar greiðslu hafi fasteignin Suðurbraut 19 (Ægissíða), Hofsósi, verið veðsett með 2. veðrétti. Veðskuldabréfinu hafi verið þinglýst 11. júlí 1991 hjá sýslumannsembættinu á Sauðárkróki án athugasemda.

Stefnandi segir, að stefnda Sjöfn Skúladóttir hafi 12. júlí 1991 tekið að sér greiðslur af láninu með yfirlýsingu. Með bréfi, dags. 9. júní 1994, hafi sýslumaðurinn á Sauðárkróki tilkynnt um leiðréttingu þinglýsingabókar varðandi Suðurbraut 19, Hofsósi. Hinn 10. júní 1994 hafi fasteignin verið seld á nauðungaruppbóði, án þess að greiðsla hafi fengist upp í kröfu stefnanda skv. veðskuldabréfinu, en þá hafi krafan skv. kröfulýsingu í uppboðsandvirði verið svohljóðandi:

Afborganir 9/1 og 9/7 '93 og 9/1 '94	alls	kr.	37.954
Vextir	–		49.874
Dráttarvextir	–		13.254

Kostnaður		–	860
Eftirstöðvar		–	593.171
Kostnaður:	Uppboðsbeiðni	kr. 1.000	
	Gjald	– 1.000	
	Nauð-sölugjald	– 9.000	
	Mót	– 5.000	
	Kröfúlýsing	– 2.500	eða alls kr. 15.500 (?)
		Samtals	kr. 710.613

Stefnandi segir, að þetta sé stefnukrafa málsins.

Í skriflegri sókn, sem stefnandi lagði fram eftir þingfestingu málsins, segir um rökstuðning fyrir aðalkröfu, að af hálfu stefnanda hafi skuldaraskipti, sbr. yfirlýsinguna frá 12. júlí 1991, aldrei verið samþykkt sérstaklega, og því séu stefndu solidarískt ábyrgar fyrir kröfum í málinu. Stefnandi segir enn fremur, að ef ekki verði fallist á þessi sjónarmið stefnanda, verði til vara stefnda Sjöfn talin bera ábyrgð á kröfunni, sbr. sömu yfirlýsingu.

Stefnandi kveður stefndu ekki hafa sinnt innheimtutilraunum sínum, og hafi málsókn því verið nauðsynleg. Stefnandi segist ekki vera virðisauka-skattsskyldur.

Lagarök.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna um efndir á samnings-skyldum, sbr. ákvæði samningalaga og kaupalaga. Dráttarvaxtakröfu styður stefnandi við 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. mgr. 14. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga 67/1989. Málskostnaðarkröfu sína reisir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. l. nr. 91/1991.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Samkvæmt 96. gr. laga nr. 91/1991 verður því að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Í yfirlýsingunni frá 12. júlí 1991, sem stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu Sjöfn á, segir undir yfirskriftinni Umsókn um nafnabreytingu: „Við undirrituð óskum eftir nafnabreytingu á láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, upphaflega að fjárhæð 600.000 kr. Lántakandi er Elsa J. G. Thorlacius, til heimilis að Suðurbraut 26, Hf., nnr: . . . kt. 240141-4189. Lán þetta er með veði í húseigninni Suðurbraut 19, Hofsósi. Við óskum eftir því, að greiðandi verði Sjöfn Skúladóttir, til heimilis að Klapparstíg 8, Keflavík, kt. 170448-7319.“ Undir þessa yfirlýsingu eru rituð með eiginhandaráritun nöfn stefndu.

Að sögn stefnanda voru „skuldaraskipti“ samkvæmt framangreindri yfirlýsingu „aldrei samþykkt sérstaklega“. Með hliðsjón af því og efni yfir-

lýsingarinnar verður ekki séð, að það hafi verið ætlun aðila, að stefndu yrðu báðar ábyrgar fyrir greiðslu lánsins, það er, að stefnda Sjöfn yrði skuldari ásamt stefndu Elsu, en til þess þyrfti að jafnaði ekki samþykki kröfuhafa. Samkvæmt þeim meginreglum, sem gilda um skuldskeytingu, gat stefnda Elsa hins vegar ekki sett stefndu Sjöfn í sinn stað sem skuldara lánsins án samþykkis stefnanda. Með því að stefnandi hefur lýst yfir, að hann hafi aldrei samþykkt skuldaraskipti, verður að sýkna stefndu Sjöfn af kröfum hans. Í ljósi þess, að í stefnu er við það miðað, að stefnda Sjöfn hafi tekið að sér greiðslur af láninu, og að engin rök eru færð fyrir því, hvers vegna stefnandi telur stefndu Elsu enn skuldbundna til að greiða lánið, um leið og hann vísar á gildi yfirlýsingarinnar frá 12. júlí 1991, sem er samkvæmt efni sínu beiðni um skuldskeytingu, en við hana tekur hinn nýi skuldari að öllu leyti á sig skyldur skuldskeytanda gagnvart kröfuhafa, þykir ekki nægilega ljóst í stefnu, á hvaða grundvelli krafa stefnanda beinist að stefndu Elsu. Með vísan til e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 96. gr. sömu laga, ber því að vísa kröfu stefnanda á hendur stefndu Elsu frá dómi án kröfu. Málkostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefnda Sjöfn Skúladóttir er sýknuð af kröfum stefnanda. Kröfum stefnanda á hendur stefndu Elsu Jóhönnu Gísladóttur Thorlacius er vísað frá dómi án kröfu.

Málkostnaður dæmist ekki.
